

**64. Bréf dómstjórinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kennslu á yfirsetukvennaskól-  
anum.**

1870.

9. júlí.

Í bréfi, dagsettu 2. maím. þ. á., hafði þér, herra amtdaður, samkvæmt beiðni konunnar Ólafar Hjálmarsdóttur, — af því, að þér álitid það mjög æskilegt, að konu úr vesturumdæminu verði sem fyrst kennt yfirsetufræði á yfirsetukvennaskóla hinnar konunglegu fæðingarstofnunar í Kaupmannahöfn, — farið þess á leit, að tæð Ólöf Hjálmarsdóttir komist að á skólanum kauplaust, annaðhvort á þessu ári, ef einhver þeirra kvenna, sem fengið hafa skóla 1870, hefði sagt til forfalla, eða, ef svo ekki væri, þá á næsta ári.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við stjórnina yfir fæðingarstofnuninni, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtid það, að Ólöf Hjálmarsdóttir getur ekki komizt að kauplaust á þessu ári, þaræð hvorug þeirra tveggja kvenna, sem þegar hafa fengið loforð, hafa enn sem komið er sagt til forfalla, og það er því óvíst, hvort þær komi eða ekki, en aptur á móti má hún búast við að fá skóla ókeypiss á næsta ári. Ef þér getið fengið vistneskju um það frá norður- og austur-amtinu, að önnur-hvor hinna, Kristín Sigurðardóttir á Íngjaldstöðum eða Kristín Guðný Sigurðardóttir á Stóruvöllum komi ekki, þá er samt ekkert því til fyrirstöðu, að Ólöf Hjálmarsdóttir nú á þessu ári komist að kauplaust á yfirsetukvennaskólanum, en þar byrjar nýtt kennslu-ár 1. septbrm. næstkomanda.

**65. Bréf dómstjórinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um póstferð frá Akureyri til Reykjavíkur í ágústmánuði.**

9. júlí.

Í bréfi 20. maím. þ. á. hafði þér, herra amtdaður, skýrt frá, að vegna þeirrar breytingar, sem gjörð hefir verið á ferða-áætlun póstgufuskipsins á þessu ári, hefði þér í hyggju að senda umboðs- og sýslureikninga frá norður- og austurumdæminu með þeim